

Skatturinn  
Katrínartún 6  
105 Reykjavík

Bílnúmer

Tímabil

til

Tímabil

### Umsækjandi

Eigandi / umráðamaður	Kennitala		
Heimilisfang	Póstnúmer	Sveitarfélag	
Heimasími	Farsími	Tölvupóstfang	

### Upplýsingar um umsækjanda

Umsækjandi er:	<input type="checkbox"/> Eigandi	<input type="checkbox"/> Umráðamaður samkvæmt eignaleigusamningi	<input type="checkbox"/> Meðeigandi
Umsækjandi nýtur eftirfarandi greiðslna:	<input type="checkbox"/> Örorkulífeyris <input type="checkbox"/> Örorkustyrks <input type="checkbox"/> Bensinstyrks <input type="checkbox"/> Örorkulífeyris fyrir töku ellilífeyris		
<input type="checkbox"/> Umönnunargreiðslna	Kennitala barns:	<input type="text"/>	
Hvenær hófust greiðslur frá Tryggingastofnun?	<input type="text"/>	Hvenær lýkur greiðslum frá Tryggingastofnun?	<input type="text"/>
Umsækjandi dvelur á stofnun:	<input type="checkbox"/> Já	<input type="checkbox"/> Nei	

### Athugasemdir

<input type="text"/>
----------------------

### Gjaldtímabil

Á hverju ári eru tvö gjaldtímabil bifreiðagjalds, 1. janúar til 30. júní og 1. júlí til 31. desember. Umsókn um niðurfellingu á bifreiðagjaldi þarf að ná til gjaldtímabila sem sætt hafa álagningu. Ekki er hægt að fella niður bifreiðagjald af gjaldtímabilum sem ekki eru hafin.

### Undanþágur frá gjaldskyldu

Eftirfarandi bifreiðir skulu undanþegnar bifreiðagjaldi

- Bifreiðir í eigu þeirra sem fá greiddan örorkustyrk, örorkulífeyri, bensinstyrk eða umönnunargreiðslur vegna örorku barna frá Tryggingastofnun ríkisins. Jafnframt eiga þeir öryrkjar sem notið hafa niðurfellingar skv. 1. másl. rétt á niðurfellingu ef þeir hafa öðlast rétt til ellilífeyrisgreiðslna eða dveljast á stofnun, sbr. 8. mgr. 48. gr. laga um almannatryggingar. Sama rétt eiga foreldrar langveikra og fjölfatlaðra barna sem vistuð eru utan heimilis ef réttur til umönnunargreiðslna héldist óskertur væri barnið heima. Réttur til niðurfellingar bifreiðagjalds vegna þeirra sem fá greiddan örorkustyrk, örorkulífeyri eða bensinstyrk er bundinn því skilyrði að bóta- eða styrkhafi sé í ökutækjaskrá annaðhvort skráður eigandi bifreiðar eða umráðamaður bifreiðar samkvæmt eignarleigusamningi. Réttur til niðurfellingar bifreiðagjalds af bifreiðum í eigu þeirra sem fá umönnunargreiðslur vegna örorku barna nær til einnar bifreiðar og er bundinn því skilyrði að skráður eigandi bifreiðar samkvæmt ökutækjaskrá fari með forsjá barnsins. Óheimilt er að fella niður bifreiðagjald af bifreiðum sem eru yfir 3.500 kg að eigin þyngd og nýttar eru í atvinnurekstri. Ef sá sem á rétt á niðurfellingu bifreiðagjalds á fleiri en eina bifreið skal bifreiðagjald fellt niður af þeirri bifreið sem er þyngst. Fyrir álagningu bifreiðagjalds skal Tryggingastofnun ríkisins senda ríkisskattstjóra upplýsingar um bifreiðaeign þeirra sem fá slíkar greiðslur frá stofnuninni sem að framan greinir.
- Bifreiðir í eigu björgunarsveita. Með björgunarsveit er átt við sjálfboðaliðasamtök sem hafa björgun mannslífa og verðmæta að aðalmarkmiði.
- Bifreiðir sem eru eldri en 25 ára í upphafi gjaldárs, talið frá og með árgerðarári þeirra.
- Bifreiðir þegar skráningarkerki hafa verið afhent skráningaraðila til varðveislu. Undanþága þessi miðast við dagsetningu innlagnar skráningarkerkja. Jafnframt skal ríkisskattstjóri fella niður bifreiðagjald af ónýtum bifreiðum sem sannanlega hafa ekki verið í notkun á gjaldtímabilinu.
- Bifreiðir sem tímabundið hafa verið fluttar úr landi. Framvísa ber útflutnings- og innflutningsskýrslum til sönnunar á tímabundnum útflutningi.
- Ökutæki sem framleidd eru og skráð með metan eða metanólí sem aðalorkugjafa eða hefur verið breytt þannig að þau geti nýtt metan og breytingin hlotið vottun skoðunarstöðva ásamt ökutækjum sem samkvæmt umferðarlögum eru knúin vetni eða rafhreyfli að öllu leyti skulu greiða lágmark bifreiðagjalds skv. 2. gr. laga um bifreiðagjald.

Skila má útfylltri umsókn í næstu afgreiðslu Skattsins eða senda á rafrænu formi í tölvupósti. Ef skila á umsókninni í tölvupósti þarf að vista útfyllta umsókn í tölvu og senda sem viðhengi á [trukkur@skatturinn.is](mailto:trukkur@skatturinn.is).

Staður	Dagsetning
--------	------------